

Ed.

71. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 30. des. 1939, um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jóhann Jósefsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Áhættuþóknanir þær, er um ræðir í 1. gr., skulu vera undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þannig að við ákvörðun skatts og útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem hlut á að máli, skal draga umrædda áhættuþóknun frá skattskyldum eða útsvarsskyldum tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er reiknað. Hið sama gildir um ákvörðun lifeyrissjóðsgjalds samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, 49. gr. 2.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um að undanþiggja frá skatt- og útsvarsgreiðslu helming af stríðsáhættuþóknun sjómanna. Undir þinglokin bárust þinginu áskoranir frá á sjöunda hundrað sjómanna á 34 skipum, sem voru í siglingum til annara landa. Í áskoruninni er komið svo að orði: „að sýna sjómannastéttinni þá viðurkenningu og það réttlæti, að undanþiggja með öllu frá skatti til ríkis og bæja stríðsáhættuþóknun, slysa- og dánarbætur til sjómanna og aðstandenda þeirra“. Áskorun þessi er því réttmætari, þar sem vitanlegt er, að sjómenn á Norðurlöndum hafa fengið stríðsáhættuþóknunina skattfrjálsa; svo er það í Danmörku, og eftir öllum líkum hafa norskir sjómenn fengið stríðsáhættuþóknunina einnig skattfrjálsa. Í báðum þessum löndum er stríðsáhættuþóknunin að mun hærri en hjá okkur og þar af leiðandi veitt meiri hlunnindi en íslenskum sjómönnum. Öll rök mæla með því, að íslenskir sjómenn njóti sama réttar og hlunninda og stéttarbræður þeirra á Norðurlöndum. Af þeim ástæðum er frv. þetta flutt og fyrir einróma áskoranir sjómannastéttarinnar.